

Orkubú Vestfjarða
Sölvi R. Sólbergsson
Stakkanesi 1
400 Ísafjörður

2004010029
4200; 9310

Reykjavík, 13. maí 2004
/--

Efni: 700 kW Tungudalsvirkjun í Skutulsfirði, Ísafjarðarbæ. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Orkubús Vestfjarða mótttekið 16. apríl þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt bygging 700 kW Tungudalsvirkjun í Ísafjarðarbæ samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 3a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ísafjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Landssíma Íslands hf., Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 30. apríl 2004, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 28. apríl 2004, Landssíma Íslands hf. með bréfi dags. 29. apríl 2004, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 4. maí 2004, Vegagerðinni með bréfi dags. 3. maí 2004 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 26. apríl 2004.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 26., 28., og 30. apríl og 4. maí 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sé bygging 700 kW rennslisvirkjunar í Skutulsfirði, Ísafjarðarbæ. Áætluð sé virkjun Tunguár í botni Tungudals og ekki sé gert ráð fyrir lóni í tengslum við framkvæmdina. Markmið framkvæmdarinnar sé að bæta afhendingaröryggi rafmagns fyrir notendur á Vestfjörðum. Virkjaðir verði u.þ.b. 450 – 630 l/s af yfirfallsvatni úr Vestfjarðargöngum og u.þ.b. 70-250 l/s af vatni úr Tunguá. Fyrirhuguð sé bygging 70 – 100 m² stöðvarhúss og 12-16 m² inntaksþróar, lagning 260 m veltengingar frá sumarhúsi Landsbankans að stöðvarhúsi, 130 m langrar (280 mm í þvermál) tengilagnar sem liggja frá vatnsveitustíflu Tunguár að inntaksþró, 1.210 m langrar (800 mm í þvermál) þrýstivatnspípu sem liggja frá inntaksþró að

stöðvarhúsi og 50 m löngum jarðstreng sem tengist núverandi loftlínu frá Ísafirði. Fallhæð virkjunarinnar verði um 115 m. Fram kemur að áætlað sé að inntaksþróin verði staðsett við núverandi yfirfall þar sem jarðgangnavatn komi undan þjóðveginum og gert sé ráð fyrir að þak þróarinnar verði ekki hærri en veghæð. Ennfremur kemur fram að umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hafi sett fram þá kröfu að alla jafnan skuli 50 l/s renna í Tunguá. Á framkvæmdartíma þurfi veg eða slóða samsíða pípustæðinu meðan á lagningu þrýstivatnspíunnar á sér stað. Við virkjunina verði núverandi lína tekin niður og fjarlægð. Efnisþörf vegna vegagerðar verði um 780 m³, auk 1000 til 1500 m³ af efni sem notað verði umhverfis þrýstivatnspípu. Hugsanlegt umframefni vegna uppgreftrar pípustæðis verði losað á losunarstað Ísafjarðarbæjar.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að ekki sé talið að framkvæmdin hafi afgerandi umhverfisáhrif því að dalurinn sé nú þegar raskaður.

Áhrif á lífríki Tunguár. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að Tunguá sé efnasnauð, köld og brött. Lengd árinna sem verði fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar sé 1.462 m og sé fiskgengur hluti hennar á þessum kafla í mesta lagi um 488 m. Sá hluti árinna sem hugsanlega þorni upp hluta ársins, sé ekki líklegur til að standa undir verulegri framleiðslu auk þess að farvegurinn sé verulega brattur. Bestu svæðin fyrir fisk séu neðst í ánni þar sem að hallinn sé minni. Fram kemur að ekki sé talið að framkvæmdirnar séu líklegar til að valda miklum búsifjum á lífríki Tunguár.

Áhrif á gróður. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að gróður hafi verið greindur á hugsanlegu áhrifasvæði vatnsaflsvirkjunarinnar. Sem heild megi flokka landssvæðið sem raskað land. Við ána sé óraskað land m.a. með snarrót, krækilyngi, aðalbláberjalyngi, skollafingur og mosajafni. Fram kemur að ekki sé búist við að viðbótaráhrif vegna framkvæmdarinnar á gróðurfar muni verða merkjanleg.

Áhrif á fornleifar. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að ein rúst sé staðsett norðan megin við Tunguá. Ekki sé talið að fornminjum stafi hætta vegna framkvæmdanna vegna fjarlægðar frá framkvæmdasvæði en lagt sé til að girða rústina af með gulum borða. Framkvæmdaraðili leggi til að fornleifafræðingur verði fenginn til að fylgjast með þegar grafið verði fyrir grunni virkjunarinnar og vatnslögn austast á svæðinu, til að koma í veg fyrir skemmdir á óþekktum fornminjum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGD FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Ísafjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Landssíma Íslands hf., Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og veiðimálastjóra kemur fram að ekki sé talið líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að áætlað inntak virkjunarinnar og fyrirhuguð pípuleið sé að hluta til á vegsvæði Vestfjarðavegar nr. 60 og sé framkvæmdin því háð leyfi Vegagerðarinnar sbr 33. grein vegalaga. Óformlegar kynningarviðræður hafi farið fram um

fyrirkomulag og frágang mannvirkja á vegsvæðinu en engar ákveðnar tillögur liggi fyrir. Vegagerðin muni hafa eftirfarandi sjónarmið í huga þegar að umfjöllun um útfærslu komi. Lagnaskurður sé að jafnaði utan við fláafót fyllingar. Inntaksþró virkjunarinnar verði ekki hærrí en núverandi útrennsli og að inntaksþróin hafi ekki áhrif á vatnsborð í útrennsliþrónni. Aðkoma að pípunni á framkvæmdatíma sé sem mest frá slóða meðfram pípunni, með tengingu frá virkjuninni en ekki frá vegkanti. Slóðinn verði jafnaður út eftir framkvæmdir. Á svæðinu umhverfis inntaksþróna verði engin breyting samþykkt á hæð lands, engin útskot eða breiðkanir leyfðar á veginn.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdaraðili muni fara eftir þeim ábendingum og kröfum sem settar séu fram í umsögn Vegagerðarinnar og komu fram þegar framkvæmdin var kynnt Vegagerðinni.

Í umsögn Landssíma Íslands hf. kemur fram að lagnir fyrirtækisins séu í nágrenni væntanlegs framkvæmdarsvæðis og óskað sé eftir samráði við framkvæmdaraðila þegar að framkvæmdum komi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að tekið sé undir beiðni Landssímans.

Áhrif á lífríki Tunguár

Í umsögn veiðimálastjóra kemur fram að neikvæð áhrif virkjunarinnar á fiskgengan hluta Tunguár verði að teljast lítil og frekari rannsóknir á lífríki svæðisins og fiskstofnum vart nauðsynlegar. Bent er á að embætti veiðimálastjóra þurfi að fjalla um og samþykkja tilhögun viðkomandi framkvæmdar á sama hátt og fiskvegi og miðlunarmannvirki á grundvelli 41. - 43. greinar laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum.

Í svörum framkvæmdaraðila er tekið undir ábendingar veiðimálastjóra.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé talið að vatnstaka úr ánni hafi veruleg áhrif á rennsli hennar yfir sumarið. Talið sé að um 20 l/s rennsli ætti að nægja til að viðhalda lífríki árinna á þurrkatíma snemma vetrar. Umhverfisstofnun styðji þá tillögu umhverfisnefndar Ísafjarðabæjar að seinustu 50 l/s verði ekki teknir úr ánni. Þau svæði árinna sem fyrir áhrifum geti orðið vegna framkvæmdarinnar séu ýmist talin ófiskgeng eða mjög léleg seiðabúsvæði.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram framkvæmdaraðili muni fara að þeim kröfum sem settar séu fram varðandi vatnstöku úr Tunguánni, þ.e. að síðustu 50 l/s verði ekki teknir úr ánni.

Áhrif á gróður. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé að mestu leyti á röskuðu vegsvæði þar sem ríkjandi gróður sé snarrót og beringspunktur. Auk vegar um Tungudal séu í dalnum talsverð skógrækt, skíðasvæði, sumarbústaðir, golfvöllur, raflína og ljósleiðari.

Áhrif á fornleifar. Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að ekki sé lagst gegn því

að rústin norðan við Tunguá verði girt af, en ekki sé talin þörf á þeim aðgerðum vegna fjarlægðar rústarinnar frá framkvæmdarsvæði. Til öryggis sé rétt að gera verktökum grein fyrir staðsetningu rústarinnar. Stofnunin tekur undir áætlun framkvæmdaraðila að fá fornleifafræðing til að fylgjast með greftri í tengslum við framkvæmdina.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að farið verði eftir ábendingum Fornleifaverndar ríkisins bæði hvað varði umgengi við þekktar fornleifar í næsta nágrenni við framkvæmdarsvæðið og greftri í tengslum við framkvæmdina.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða byggingu 700 kW rennslisvirkjunar í botni Tungudals, Ísafjarðarbæ. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif vegna framkvæmdanna á Tunguá séu einkum á svæðum sem talin eru ófiskgeng eða mjög léleg seiðabúsvæði. Framkvæmdasvæðið er að mestu á röskuðu vegsvæði og fornleifar í það mikilli fjarlægð að ekki er talið að hætta stafi af framkvæmdum. Fyrirhugaðar framkvæmdir munu taka til afmarkaðs svæðis og telur Skipulagsstofnun að framkvæmdin muni hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér á lífríki Tunguár, gróður og fornleifar verði fylgt þeirri framkvæmdartillögum sem framkvæmdaraðili hefur lagt til.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að bygging 700 kW Tungudalsvirkjunar í Ísafjarðarbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b., leyfi Vegagerðarinnar skv. 33. grein vegalaga nr. 45/1994 m.s.b. og samþykki veiðimálastjóra skv. 41.- 43. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 m.s.b. Skipulagsstofnun bendir á að breyta þurfi núgildandi aðalskipulagi og vinna þurfi deiliskipulag fyrir virkjunina.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 14. júní 2004.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit. Umhverfissráðuneytið, Ísafjarðarbær, Fornleifavernd ríkisins, Landssími Íslands hf., Umhverfisstofnun, Vegagerðin og veiðimálastjóri.